

## Fyrirspurn

til velferðarráðherra um líknardeildir.

Frá Álfheiði Ingadóttur.

1. Hver er hugmyndafræðin að baki líknardeildum?
2. Hvað eru margar líknardeildir á landinu, hvenær voru þær opnaðar og hversu mörg sjúkkrarúm eru á hverri fyrir sig?
3. Hversu margir einstaklingar lágu á hverri deild á árinu 2010 og hversu langur var bið-tíminn eftir rúmi þar að meðaltali? Óskað er upplýsinga um það hvort sjúklingar komu beint að heiman á líknardeildina eða frá heilbrigðisstofnunum/dvalarheimilum og þá hvaða stofnunum.
4. Hversu margir bíða nú eftir rúmi á líknardeild?
5. Er fyrirhugað að fjölga eða fækka líknardeildum eða fækka eða fjölga rúmum á þeim og þá hvers vegna?

**Skriflegt svar óskast.**